

Leiðrétting á skuldabyrði

Uppgreiðsluleiðin

Lausnarhugmynd

8.okt., 2009

Þorsteinn Helgi Steinarsson

thorsteinn@asverk.is




Kröfur til lausnar

- ▶ Lausnin verður að
 - vera almenn
 - laga greiðslubyrði og eiginfjárhlutfall
 - duga fyrir heimili
 - Gott ef hún dugar fyrir aðra
 - vera sanngjörn
 - vera unnt að fjármagna
 - vera í samræmi við lög og reglur
 - vera einföld og fljótgerð
- ▶ Tökum skyndiskell vegna gengisfalls og verðbólgu og dreifum honum á mörg ár



Ekki gert of lítið of seint


- ▶ Miðað er við nafnverðshækkun lána
 - Á tímabilinu 1. janúar 2008 – 31. des. 2009
- ▶ Öll fasteignalán:
 - Myntkөрfulán annars vegar á viðkomandi gengi
 - Verðtryggð lán hins vegar m.v. neysluvísitölu
- ▶ Skuldsettir fasteignaeigendur mæta þá kreppunni nú jafnfætis skuldlausum
 - En þurfa að borga upp nýja lánið seinna þegar verðbólgan hefur linað skellinn
- ▶ Raunveruleg almenn leiðrétting strax
 - Dreifum þessu yfir mörg ár



Fyrir hvern?

- ▶ **Alla sem geta sett veð (í leiðréttum heimi)**
 - Heimilin (fasteignalán: myntkörfu og verðtryggð)
 - Eða alla sem eru með fasteignir til að veðsetja
 - Bílalán (myntkörfulán)
 - Sveitarfélög (myntkörfulán)
 - Fyrirtæki (myntkörfulán)

- ▶ **Ekki fyrir þá sem**
 - ekki geta sett veð þrátt fyrir leiðréttingu
 - skulda erlendum aðilum (erlendan gjaldmiðil)
 - (voru með kúlulán)




Aðferðin: endurfjármögnun

1. Seðlabankinn veitir vaxtalaust og óverðtryggt lán til langs tíma með einum gjalddaga gegn skuldbréfi nýs Leiðréttingasjóðs (eða Íbúðalánasjóðs)
2. Leiðréttingasjóður lánað áfram til lántakanda sem notar peningana til að greiða niður lán sín
 - Upphæðin miðast við nafnhækkun frá 1.jan. 2008
3. Sjóðurinn tekur veð í íbúð viðkomandi fyrir upphæð sem samsvarar núvirtri endurgreiðslu
 - Nafnverð kröfu öll upphæðin
 - Leyfa mætti allt að 110–120% veðsetningu
4. Lánastofnun sem fær inngreiðslu setur peninginn inn á bundinn reikning hjá Seðlabanka
 - Vaxtalaus og óverðtryggður, en binding háð ákvörðun Sí (mest allan lánstímann)




Lykilatriði

- ▶ Fyrirtæki og fólk sem orðið hefur fyrir skuldahækkunum hefur engin önnur ráð en að velta þeim út í verðlagið (eða atvinnuleysi/gjaldþrot)
- ▶ Þennan verðbólguþrýsting er brýnt að fjarlægja
- ▶ Lánin eru sértæk og haldið utan við aðra gjörninga SÍ
 - Lánin fara í hring frá SÍ til SÍ
 - Stefna SÍ í peningamálum óbreytt
 - Aðgerðirnar eru í samræmi við markmið SÍ um stöðugleika
- ▶ Að SÍ veiti Leiðréttingasjóði lán og taki veð hans gild
- ▶ Veð sjóðsins eru í fasteignum og samsvara núvirtri endurgreiðslu lánsins




Nánar um Leiðréttingasjóð

- ▶ Leiðréttingasjóður er sértæk lánastofnun
 - Einnig má nota Íbúðalánasjóð
- ▶ Skuldir eru
 - Óverðtryggt og vaxtalaust lán frá SÍ
- ▶ Eignir eru
 - Veð í fasteign sem samsvarar núvirtri greiðslu í lok tímabils
 - Biðreikningur sem samsvarar mismuni á núvirtri greiðslu í lok tímabils og útgreiddu láni til einstaklings
 - Þetta getur líka verið með sjálfsskuldarábyrgð lántakanda




Dæmi

- ▶ Lán frá SÍ til 40 ára upp á 32 milljónir til Leiðréttingasjóðs sem eru borgaðar til einstaklings
 - Verðbólguþá: 2,5%
- ▶ Einstaklingur veitir veð í íbúð fyrir 12 milljónum
 - 12 milljónir yrðu að 32 milljónum á 40 árum í 2,5% verðbólgu
 - Verðbólguþreikningur eignfærður á 20 milljónir hjá Leiðréttingasjóði
- ▶ Einstaklingur borgar 32 milljónir niður af vaxtaberandi skuldum
- ▶ Bankar lækka útistandandi skuldir
 - Peningar til baka til SÍ




Niðurstaða dæmis

- ▶ Einstaklingur skuldar sjóðnum 32 milljónir
 - Veitir einungis 12 milljóna veð
- ▶ Vaxtaberandi lán lækkað um 32 milljónir með tilheyrandi bata á greiðslugetu
 - og eiginfjárstöðu metin út frá veðhæfni fasteignar
- ▶ Leiðréttingasjóður á veð í fasteign og á biðreikningi verðbólgu: $12 + 20 = 32$
- ▶ Bankinn verður fyrir tekjumissi
- ▶ Peningar Sí hafa farið í hring




Gróft mat fyrir öll heimilin

- ▶ Forsendur 2,5% verðbólguþá og 40 ár
- ▶ 270 ma endurfjármögnun, en 101 ma veð
 - Núvirðisbati á skuldum: 169 ma
- ▶ Kostnaður banka um 15 ma á ári
 - M.v. 3% vaxtamun á 270 ma og 2,5% verðbólgu
 - Í formi
 - tapaðra vaxtatekna (8 ma)
 - verðbólguþá og 7 ma meðan fé er bundið)
 - Stórar afskriftir núna ekki nauðsynlegar
 - Bankar þurfa e.t.v. að hækka meðalvexti um prósentubrot
 - Skuldarar fá leiðréttingu strax á greiðslubrýði og núvirtum höfuðstól
 - Skuldarar bera því sjálfir kostnaðinn ásamt lánastofnunum, en honum er dreift á langan tíma




Ítarefni

Nokkrar tölur
Lagastoð og fordæmi
Kröfurnar frá AGS
Áhrif á einstaka aðila



Nokkrar tölur




Dæmi fyrir einstakling

- ▶ Verðbólguþá 2,5% frá 1.jan 2009 í 40 ár
- ▶ Greiðandi er í skilum (30 ár eftir)
 - Eign 63 mill 1.jan.2008 => 49M ári síðar => 51M ári síðar
 - 21 mill í ísl. láni og 22 mill í jap. láni

Dags	Fasteign	Ísl lán	Jap lán	Eign (veð)	Fryst veð
1. Jan 2008	63	21	22	20	0
1. Jan 2009	49	26	52	-29	0
1. Jan 2010	51	25→21	50→22	-24→-4	12 (fyrir 32)


- ▶ Einstaklingur ber verðlækkun fasteignar (8 milljónir)
 - En skuld hefur hækkað úr 43 í 75 milljónir
- ▶ Vaxtaberandi skuld lækkar um 4+28 milljónir
 - Og sem nemur afborgunum og gengisbreytingum
 - Heildarveðbyrði á 51 millj. fasteign: $21+22+12 = 55$ millj. (110%)
 - Sem er sama og núvirt heildarskuld, en nafnverð skuldar er $43+32=75$ milljónir
 - 20 milljóna núvirðislækkun á höfuðstól



Skuldir heimilanna


“Heildarfasteignaveðlánaskuldir í gagnagrunni starfshópsins, sem samanstendur af gögnum frá Nýja Kaupþingi, NBI, Íslandsbanka, ÍLS, sparisjóðunum og öðrum minni fjármögnunarfyrirtækjum, eru um 1.260 ma.kr. Fasteignaveðlán frá lífeyrissjóðum eru ekki innifalin en þau gætu numið um 170 ma.kr. til viðbótar þannig að heildarhúsnæðisskuldir yrðu um 1.430 ma.kr. Öll lán þar sem á bak við er veð í húsnæði eru skilgreind sem fasteignaveðlán. Af fasteignaveðlánunum í grunninum eru 198 ma.kr. í erlendri mynt, þar af 78 ma.kr. í svissneskum frönkum og 87 ma.kr. í japönskum jenum.”

Fleiri niðurstöður starfshóps Seðlabanka Íslands um skuldir heimilanna - 27. mars 2009



Fasteignamat

	2008	2007	2006	2005	2004
Fasteignamat samtals	4.247.053	4.064.965	3.431.037	2.963.893	2.302.534
Húsmat	3.506.421	3.345.047	2.833.235	2.460.594	1.921.455
Lóðarmat	740.632	719.918	597.802	503.299	381.079
Brunabótamat	5.106.484	3.876.248	3.541.344	3.063.088	2.903.219



Dæmi fyrir heimilin


- ▶ Verðbólguþá 2,5% frá 1.jan 2009 í 40 ár
- ▶ Greiðandi er í skilum (30 ár eftir). Hluti lána gengistryggður.
- ▶ Skuldug heimili (3000 af 5000 beri skuldir):
 - 3000 ma 1.jan 2008 => 2340 ma ári síðar => 2399 ma ári síðar

Dags	Fasteign	Ísl lán	Erl lán (S)	Eign	Fryst veð
1. Jan 2008	3000	1053	115	1832	0
1. Jan 2009	2340	1232	198	909	0
1. Jan 2010	2399	1246→ 1053	192→ 115	961 Núvirt: 1131	101 fyrir nafnlán: 270


- Uppgreiðsla: 270 ma $= (1246 - 1053) + (192 - 115)$
- Endurfjármögnun og uppgreiðsla fyrir 270 ma (193+77)
 - Veð sett fyrir 101 ma sem er núvirði endurgreiðslu 270 ma
 - Núvirt skuldastaða bætt um 169 ma

Lánastofnanir í þessu tilfelli

- ▶ Lán eru borguð niður um 270 milljarða
- ▶ Vaxtatekjur lánastofnanna af 270 milljarði hverfa
 - Ef t.d. 3% vaxtamunur þá eru það um 8 ma á ári sem er tekjutap lánastofnanna (auk rýrnunar höfuðstóls vegna verðbólgu)
 - Verðbólguspá: 2,5% → verðbólgurýrnun tæpir 7 ma á ári
- ▶ Heildartap lánastofnana um 15 ma á ári vegna tapaðra vaxtatekna og verðbólgurýrnunar höfuðstóls → Viðráðanlegt
 - Skuldarar bera þetta með hærri vöxtum í framtíðinni og bankar hagræða
 - Vandanum jafnað út yfir langan tíma



Lagastoð og fordæmi



Úr lögum um SÍ – #5 – 2009

4. gr. 24. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum eru teknar af peningastefnunefnd. Stjórnækki bankans teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvarðanir hans, viðskipti við lánastofnanir önnur en tilgreind eru í 2. mgr. 7. gr., ákvörðun bindiskyldu skv. 11. gr. og viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 18. gr. sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar. **Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu grundvallast á markmiðum bankans og vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum og fjármálastöðugleika.**

Í peningastefnunefnd situr seðlabankastjóri, aðstoðarseðlabankastjóri, einn af yfirmönnum bankans á sviði mótunar eða stefnu í peningamálum og tveir sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála sem forsætisráðherra skipar til fimm ára í senn. Seðlabankastjóri er jafnframt formaður peningastefnunefndar. Peningastefnunefnd er ályktunarhæf ef fjórir af fimm nefndarmönnum sitja fund nefndarinnar. **Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu teknar með einföldum meiri hluta,** en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns eða staðgengils hans. Peningastefnunefnd skal halda fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Auk þess **getur peningastefnunefnd haldið fund ef formaður ákveður eða þrír nefndarmenn krefjast þess.** Peningastefnunefnd setur sér starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Opinberlega skal birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra. Ef peningastefnunefnd metur það svo að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógna fjármálakerfinu skal hún opinberlega gefa út viðvaranir þegar tilefni er til. Peningastefnunefnd getur þó ákveðið að skýra ekki frá ákvörðunum um viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 18. gr.

Peningastefnunefnd skal gefa Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á ári. Skal efni skýrslunnar rætt á sameiginlegum fundi efnahags- og skattanefndar, fjárlaganefndar og viðskiptanefndar

Úr lögum um SÍ – #36 – 2001

3. gr. Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi. Með samþykki forsætisráðherra er Seðlabankanum heimilt að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu.

Seðlabankinn skal stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu skv. 1. mgr.

7. gr. **Seðlabanki Íslands getur veitt lánastofnunum, sem geta átt innlánsviðskipti við bankann, sbr. 6. gr., lán með kaupum á verðbréfum eða á annan hátt gegn tryggingum sem bankinn metur gildar.**

10. gr. Seðlabanki Íslands ákveður vexti af innlánnum við bankann, af lánnum sem hann veitir og af verðbréfum sem hann gefur út.


16. gr. **Seðlabanka Íslands er óheimilt að veita ríkissjóði, sveitarfélögum og ríkisstofnunum öðrum en lánastofnunum lán.**

Verðbréf, sem skráð eru í opinberri kauphöll og gefin eru út af þeim aðilum sem um ræðir í 1. mgr. og Seðlabankinn kaupir á verðbréfamarkaði eða af lánastofnunum til að ná markmiðum sínum í peningamálum, skulu ekki teljast lán samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.




Reglugerð 808, 28. ágúst, 2008

- ▶ 3. gr. um veðlán
 - Lán sem veitt eru gegn veði sem SÍ metur hæf
- ▶ 7.3. gr. um önnur viðskipti
 - Veðlán með öðrum efndatíma en 7 daga
 - **Bundin innlán með öðrum efndatíma en 7 daga**
- ▶ 9. gr. um vexti
 - Vextir í viðskiptum við SÍ eru háðir ákvörðunum bankans hverju sinni
- ▶ 11. gr. um hæf verðbréf
 - Verðbréf gefin út af ríkissjóði og **skuldabréf Íbúðalánasjóðs**
- ▶ 12. gr. um tryggingarhæfi verðbréfa
 - 4. Verðbréf með ábyrgð ríkissjóðs eru metin eins og ríkissjóður sé útgefandi




Bindiskylda/bundin innlán

- ▶ Almennt bindihlutfall er 2% fyrir þann hluta bindigrunns sem bundinn er til tveggja ára eða skemur
 - Leiðréttingasjóður þarf ekki slíkt bindihlutfall heldur yrði það 0%
 - Enda ekki í daglegum útlánnum
 - Enda með langtímalán
 - Enda verðbólguþá SÍ notuð til að stýra veðum
- ▶ Nú eru 12,5% vextir á bundnum innlánnum
 - Sértek bindiskylda á þessu fé (sem bankarnir leggja inn í SÍ eftir endurgreiðslu) með 0% vexti hjá SÍ




Hefð- / óhefðbundnar aðgerðir SÍ?

- ▶ Í samræmi við
 - lög um SÍ (2001 og 2009)
 - reglugerð 808
 - markmið SÍ um verðstöðugleika
 - þau stjórnþæki sem SÍ ræður yfir
- ▶ Sérþækt
 - ákvörðun um 0% vexti og 40 ára lánstíma
 - skylda að láta peninginn fara inn í SÍ sem bindiskyldan á 0% vöxtum
 - Þannig er upphæðin tekin út fyrir sviga



Kröfurnar frá AGS



Skuldastaðan → gjaldeyrishöft


“With **unusually large uncertainty** surrounding the outlook, concerns about downside risks dominated—staff saw external risks as prevailing, while the authorities emphasized domestic ones.

- In staff’s view, external liquidity risks remained a key concern, **given the high foreign debt of the private sector**, chiefly related to the **large funding needs** of the banking sector.”

Source: IMF Article IV Report - Dec. 8th, 2008

“The immediate emphasis on stabilizing the króna reflects the **risk** of highly adverse **balance-sheet effects**.”


Source: IMF Staff Report - Nov. 25th, 2008



Skuldastaðan → gengissáhætta


“The above vulnerabilities may, in turn, negatively affect banks’ balance sheets, **triggering a confidence shock that could prompt a new round of króna depreciation**. This could lead to further deleterious (and potentially non-linear) effects on domestic asset prices and **private sector balance sheets**, with correspondingly **large impact on consumption and investment**. Corporate vulnerabilities could be especially important given the complex links between Iceland’s non-financial corporations and banks.”

Source: IMF Article IV Report - Dec. 8th, 2008



þarf að hækka gengið?

- ▶ Ef skuldastaðan er orðin bærilegri bæði hvað varðar greiðslubyrði og höfuðstól (núvirtan) þá þurfum við síður að hækka gengið
 - Gott fyrir viðskiptajöfnuð
- ▶ Síður þörf á gjaldeyrishöftum
- ▶ Ekki þörf á að nota stóran gjaldeyrissjóð til að stuðla að hærra gengi
 - Gætum stuðst við minni gjaldeyrisvarasjóð að láni



Gólf undir útlán SÍ til einkaaðila

“C. Ceiling on Net Credit of the Central Bank of Iceland to the Private Sector

8. Definition: **Net credit** of the central bank to the private sector is defined as **the difference between CBI lending** to private banks through its overnight and weekly collateral facilities and any other instruments to which the CBI would extend credit to the private sector, **and current account balances** of the banks at the CBI and central bank CDs in issuance. Performance against the net credit will be measured at program exchange rates.”

Gólf undir útlán SÍ til ríkisins


“D. Ceiling on Net Credit of the Central Bank of Iceland to the Central Government

10. Definition. **Net credit** of the Central Bank of Iceland to the public sector is defined as the **difference between CBI lending** to the central government **and** central government **deposits** at the CBI in domestic currency.”


Hér er væntanlega líka átt við stofnanir ríkisins (Íbúðalánasjóð og Leiðréttingasjóð)

Samræmi við markmið AGS

- ▶ Ekki er unnt að sjá annað en að þessar aðgerðir samrýmist markmiðum AGS um að ná stöðugleika
 - Engin nettó peningaprentun
 - Minni áhætta tengd bönkunum og hagkerfinu
 - Minni fjármögnunarpörf hjá bönkunum
 - Jafnvægi á efnahagsreikningi einkaaðila
 - Styrkari stoðir undir ríkissjóð
- ▶ Þessar aðgerðir eru einnig í samræmi við tæknilega skilgreiningu á skuldbindingum Íslands við AGS




Áhrif á einstaka aðila




Áhrif á almenning

- ▶ Stórlækkuð skuldabyrði (veðbyrði, núvirðing)
 - Nafnverð vaxtaberandi skulda lækkað niður í þá stöðu sem var 1. janúar 2008
- ▶ Bætt eiginfjárstaða (núvirt)
- ▶ Stórlækkuð greiðslubyrði
- ▶ Raunlækkun á skulda- og greiðslubyrði auðveldar heimilum að bera aðrar verðhækkanir, skattahækkanir og tekjulækkunir
- ▶ Dregur úr kröfum um launahækkunir




Áhrif á Seðlabanka

- ▶ Útlán án myntsláttuhagnaðar sem kúlulán til opinberrar stofnunar gegn veði í skuldabréfi stofnunarinnar
 - Tekju- og útgjaldalaus hækkun á efnahagsreikningi
 - Nafnverð láns er að fullu greitt í lok lánstíma
- ▶ Lánastofnanir nota uppgreiðslur lántakanda til að lækka efnahagsreikning (bundið á reikningi hjá SÍ)
 - Innlausn peninga lækkar myntsláttuhagnað, en þær tekjur má auka aftur þegar og ef vilji er fyrir hendi
- ▶ Hlutlaust gagnvart öðrum aðgerðum SÍ
 - En nýtt jafnvægi hagkerfisins kallar á nýtt stöðumat SÍ




Áhrif á AGS og matsfyrirtæki

- ▶ Dregur stórlega úr innlendri áhættu og þar með úr heildaráhættu aðgerða AGS
 - “**Uncertainty surrounding the outlook is unusually large**, dominated by significant downside risks—both external and domestic. In the event of a prolonged external liquidity crunch, the economy could face severe financial strain, **especially if domestic risks materialize simultaneously.**”
- ▶ Minni áhætta → hærra mat
 - Ódýrari lán og auðveldara aðgengi að lánum
- ▶ Minni fjármögnunarþörf bankanna
- ▶ E.t.v. minni þörf fyrir stóran gjaldeyrisvarasjóð




Áhrif á bankana

- ▶ Uppgreiðslur einstaklinga gerir bönkum kleift að annað hvort
 - Lækka efnahagsreikning og þar með fjármögnunarþörf sína
 - Minni útlán = minni vaxtatekjur
- ▶ Erlendum lánum má eftir þetta breyta í íslensk lán
- ▶ Lægri greiðslubyrði lántakenda eykur endurgreiðslugetu og lækkar afskriftir
- ▶ Lægri lánabyrði lántakenda eykur greiðsuvilja og lækkar afskriftir




Áhrif á ríkið

- ▶ Betri staða einstaklinga og fyrirtækja eykur veltu í þjóðfélaginu og þar með afleiddar skattatekjur
- ▶ Betri staða þjóðfélagsins skilar betra lánshæfi (og mati á því)
- ▶ Þar sem aðgerðin felur í sér uppgreiðslu á hækkunum lána með nýju láni þá hefur þetta ekki áhrif til hækkunar á skattstofni
 - Engar mótvægisaðgerðir eru því nauðsynlegar til að koma í veg fyrir skattakröfur
- ▶ Nýju lánin eru án vaxta og verðbóta sem er mjög hagstæð kjör
 - Ekki þarf að reikna þau til tekna og leggja skatt á




Áhrif á fjármagnseigendur

- ▶ Greitt var upp í skuldir – bankarnir fá sitt
 - Engar afskriftir nauðsynlegar
 - Ath. bankarnir geta, en þurfa ekki að núvirðisreikna það sem er bundið hjá Sí. Þeir þurfa því ekki að afskrifa mismuninn.
 - Sí gæti e.t.v. losað um bindiskyldu þegar fram líða stundir.
- ▶ Lífeyrissjóðir eru meðal þeirra sem lánað hafa til fasteignakaupa (170 milljarða)
 - Hluti þessa er endurgreiddur (e.t.v. 30 ma)
 - Eða jafnvel haldið utan við lausnina
- ▶ Lífeyrissjóðir þiggja vaxtatekjur af innlánnum í bankana
 - Bankar missa hluta af sínum vaxtatekjum
 - Bankar verða að bregðast við, t.d. með því að lækka vexti af innlánnum
- ▶ Verðtrygging og vextir af eftirstandandi útlánnum eru sem áður



Áhrif á hagkerfið

- ▶ Hagkerfið réttir úr kútnum mun fyrr en ella og á sársaukaminni máta
- ▶ Samdráttur í hagvexti verður minni og jafnvel breytist í hagvöxt
- ▶ Fasteignaverð lækkar síður
- ▶ Fólksflótti verður minni
- ▶ Atvinnustig lækkar minna
- ▶ Dregur úr verðbólguþrýstingi
- ▶ Innflutningur eykst (sem er galli)
 - Þetta kallar á mótvægisaðgerðir



Þökk fyrir áheyrnina

Hafa má samband við
Þorstein Helga Steinarsson
gegnum netfangið
thorsteinn@asverk.is

